

VIÐAUKI II VIÐ HOLLVINASAMNING

Undirritaðir aðilar:

(a) Fasteignafélagið Þórkatla ehf., kt. 410324-0750, Borgartúni 26, 105 Reykjavík („**Þórkatla**“); og

(b) [•], kt. [•], [•], [•], [•] („**hollvinur**“)

gera með sér svohljóðandi viðauka II við hollvinasamning um fasteignina [•], F[•] („**viðauki II**“).

Skilgreind atriði í samkomulaginu hafa sömu merkingu í þessum viðauka II.

1. BAKGRUNNUR

- Aðilar gerðu með sér hollvinasamning vegna ofangreindrar fasteignar í Grindavík þann [•], („**hollvinasamningurinn**“). Í hollvinasamningnum er kveðið á um réttindi og skyldur hollvinnar í tengslum við fasteignina.
- Í framhaldi undirrituðu aðilar viðauka við hollvinasamninginn sem fól í sér tímabundnar breytingar á hollvinasamningnum („**viðauki I**“), þannig að hollvinni var heimilað að gista í fasteigninni fram til 1. október 2025.
- Aðilar hafa komið sér saman um að framlengja heimild hollvinnar til að gista í fasteigninni tímabundið, eða til 31. ágúst 2026, eftir því og með þeim takmörkunum sem nánar greinir í þessum viðauka II.

2. HEIMILD TIL DVALAR

- Aðilar sammælast um að hollvinni sé heimilt að gista í fasteigninni næturlangt á gildistíma skv. gr. 8.1, en þó ekki til viðvarandi dvalar, með þeim takmörkunum sem greinir frá í viðauka II þessum.

3. ÚTTEKT

- Hollvinur heimilar Þórkötlu ótakmarkaðan aðgang að fasteigninni í því skyni að Þórkatla geti framkvæmt úttektir og viðgerðir á fasteigninni. Slíkar úttektir ná til, en þó ekki tæmandi talið, brunavarna, flóttaleiða, áhættumats og ástands fasteignarinnar. Þórkatla skal gera hollvinni viðvart um áætlaðar viðgerðir og úttektir. Þórkötlu er heimilt að skilyrða gistingu skv. gr. 2.1. við það að úttektir hafi farið fram og niðurstöður þeirra séu ásættanlegar að mati Þórkötlu.
- Hollvinur skal tryggja að brunavarnir séu fullnægjandi meðan dvalið er í eigninni. Hollvinur skuldbindur sig til að kynna brunavarnir fyrir þeim gestum sem dvelja í fasteigninni.

4. FYRIRMÆLI OG ÁHÆTTUSTIG

- Hollvinur gerir sér grein fyrir því að ástandið í Grindavík er óstöðugt og ófyrirsjáanlegt og að það kunnir að koma upp aðstæður þar sem ekki er öruggt að dvelja í Grindavík. Þá kann að fylgja því aukin áhætta að leyfa börnum að dvelja án eftirlits í Grindavík. Hollvinur skuldbindur sig til að hlíta öllum fyrirmælum stjórnvalda er varða dvöl í Grindavík. Hollvinur skuldbindur sig þannig til dæmis til þess að yfirgefa Grindavík komi til þess að stjórnvöld taki ákvörðun um að rýma

bæinn.

- 4.2. Hollvinur skuldbindur sig til þess að fylgjast náið með öllum fyrirmælum og tilkynningum stjórnvalda er varða Grindavík. Komi til þess að áhættustig stjórnvalda sé með þeim hætti að Þórkatla telur að ekki sé öruggt að dvelja í Grindavík, án þess þó að ákvörðun um rýmingu hafi verið tekin, er Þórkötlu heimilt að fella viðauka II þennan úr gildi í heild sinni eða takmarka heimild til gistingar skv. gr. 2.1 tímabundið. Nýti Þórkatla fyrrnefnda heimild skal hollvini tilkynnt það með sannanlegum hætti.
- 4.3. Hollvinur lýsir því yfir að hann sé fær um að yfirgefa Grindavík af sjálfsdáðum ef til rýmingar kemur samkvæmt gr. 4.1 eða 4.2.

5. ÁBYRGÐARTAKMÖRKUN

- 5.1. Hollvinur lýsir því yfir að til viðbótar við gr. 2.9 til 2.13 í hollvinasamningnum muni hann halda Þórkötlu skaðlausri vegna hvers kyns tjóns sem hollvinur kann að verða fyrir á gildistíma viðauka II þessa.
- 5.2. Gestir sem dvelja í fasteigninni skulu vera alfarið á sína eigin ábyrgð eða ábyrgð hollvinar og tekur Þórkatla enga ábyrgð á tjóni sem gestir kunna að verða fyrir.
- 5.3. Hollvinur lýsir því yfir að hann er meðvitaður um að lausafé sem geymt er í Grindavík kann að falla utan bótaskyldu Náttúruhamfarartrygginga Íslands skv. lögum nr. 55/1992.

6. UMSÝSLUGJALD

- 6.1. Við undirritun viðauka II þessa skal hollvinur greiða til Þórkötlu umsýslugjald sem nemur kr. 95.000.
- 6.2. Hafi hollvinur þegar greitt umsýslugjald sem nemur kr. 95.000 við undirritun viðauka I fellur skylda hans til greiðslu samkvæmt gr. 6.1. niður.

7. VANEFNDAÚRRÆÐI

- 7.1. Vanefni hollvinnur skyldur sínar samkvæmt viðauka II þessum er Þórkötlu heimilt að rifta viðauka II þessum. Sé vanefnd minniháttar að mati Þórkötlu er Þórkötlu heimilt að gefa hollvini viðvörðun áður en til riftunar kemur. Þórkatla skal að jafnaði veita hollvini tækifæri á að koma að andmælum áður en ákvörðun um riftun er tekin.
- 7.2. Riftun eða uppsögn á hollvinasamningnum felur sjálfkrafa í sér riftun eða uppsögn á viðauka II þessum.

8. GILDISTÍMI

- 8.1. Viðauki II þessi gildir frá 1. október 2025, til 31. ágúst 2026.
- 8.2. Sé gildistími hollvinasamningsins styttri en til 31. ágúst 2026 er gildistími hans framlengdur til 31. ágúst 2026 með viðauka þessum.
- 8.3. Falli viðauki II þessi úr gildi fyrir 31. ágúst 2026, svo sem vegna riftunar samkvæmt gr. 7.1., skal hollvinasamningurinn gilda í upprunalegri mynd frá þeim tímapunkti til 31. ágúst 2026.

9. ANNAD

- 9.1. Að öðru leyti en kveðið er á um í viðauka II þessum gildir hollvinasamningurinn fullum fetum.
- 9.2. Húsaleigulög nr. 36/1994 gilda ekki um dvöl hollvinar í fasteigninni.
- 9.3. Öllu framanrituðu til staðfestingar undirrita aðilar viðauka II þennan með fullgildri rafrænni undirritun í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Reykjavík, [•]. [•] 2026

[rafrænt undirritað]